

# Bæjarrými

mannlífsverkefni í Dalvíkurbyggð

Minnisblað  
11. janúar 2023

Samantekt: Anna Kristín Guðmundsdóttir

# Markmið

Markmið með verkefninu er að lífvæða miðbæjarsvæði á Dalvík, Árskógssandi og Hauganesi með tímabundnum hönnunarlausnum. Verkefnið er liður í að auðga mannlíf og styrkja aðdráttarafli miðsvæðanna fyrir íbúa og ferðamenn.

# Útfærsla

Verkefnið getur orðið að árlegu sumarverkefni þar sem hönnunarrópum er úthlutað ákveðnu svæði í fóstur til að skapa skemmtileg miðbæjarsvæði með innsetningum, fegrun á umhverfi, markaðshaldi, viðburðum, leikjum o.s.frv.

Verkefnið getur verið unnið í samstarfi með vinnuskóla sveitarfélagsins og liður í skapandi sumarstörfum.



## VERKFÆRAKISTAN

ADDRÁTTARAFL  
flokkar

VARANLEG & TÍMABUNDIN HÖNNUN

ARKITEKTÚR



ÁFERDIR /  
EFNISVAL



GRÖÐUR



GÖTUGÖGN



KENNILEITI /  
ÚTILISTAVERK



LITRÍKT YFIRBORD  
/ VEGGIR



LÝSING



SJÓNÁS /  
ÚTSÝNI



VATN



LEIKUR





# Fordæmi

Reykjavík: Torg í biðstöðu



Torg í biðstöðu verkefnið hefur verið í gangi á torgum og almenningsvæðum í borginni frá árinu 2011. Verkefnið snýst um að lífvæða og endurskilgreina svæðin með tímabundnum lausnum. Markmið verkefnisins er að búa til skemmtilegri svæði, hampa því óvænta og vera vettvangur róttækra tilrauna með borgarumhverfið. Svæðunum er úthlutað til hópa og einstaklinga sem vilja gera tilraunir til að glæða þau lífi.

## Hvað eru biðsvæðaverkefni?

Biðsvæðaverkefni bjóða borgum upp á þann möguleika að gera tilraunir með tímabundin verkefni, að gefa skapandi hugmyndum tækifæri án þess að komi til dýrar framkvæmdir ásamt því að oft koma mjög óvæntar útkomur úr verkefnunum sem erfitt hefði verið að koma auga á fyrir fram. Borgir út um allan heim eru farnar að tileinka sér þessa hugmyndafræði sem stundum leiðir til varanlegra breytinga.

# Fordæmi

## Reykjanesbær: Andrými

ANDRÝMI er í grunninn skipulagstæki og er fyrst og fremst ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun svæða, auka fjölbreytta notkun almennings á svæðunum og þar með auka möguleika þeirra og fá almenning, íbúa, rekstraraðila og aðra hafsmunaaðila til að sjá möguleikana sem felast í svæðinu.



Torg og önnur almenningsrými eiga að vera áhugaverðir áfangastaðir sem gera íbúum kleift að halda viðburði og njóta lífsins. Þau eru mikilvægur þáttur í að viðhalda mannlífi og þjónustu innan hverfis.



# Sumarið 2023

Leiðir til að setja fyrsta áfanga af stað í sumar:

- Dalvíkurbyggð leitar eftir samstarfi með fagdeild skipulags og hönnunar í Landbúnaðarháskóla Íslands þar sem eru nemendur í landslagsarkitektúr og skipulagsfræði.
- Dalvíkurbyggð sækir um hjá RANNÍS í Nýsköpunarsjóði námsmanna fyrir 2-4 nemendur til að sinna verkefninu. Ef styrkiveiting fæst, styrkir sjóðurinn hvern nemanda um mánaðarlaun í 3 mánuði. Umsóknarfrestur í byrjun febrúar.
- Nemendur fá úthlutað ákveðnum svæðum, setja fram hönnunartillögu, sjá um undirbúning og framkvæmd. Hluti af verkefni gæti verið að sjá um viðburði til að auðga mannlíf.
- Umsjónarmaður verkefnis getur verið formaður skipulagsráðs sem hefur áður verið í Rannís verkefni. Verkefnið væri unnið í samstarfi með starfsmönnum framkvæmdasviðs.
- Dalvíkurbyggð skaffar nemendum aðstöðu, efni og búnað. Hægt er að leggja upp með umhverfisvæna leið og nýta efni sem fellur til frá fyrirtækjum í sveitarfélaginu.



# Innblástur

Samfélagsmiðlar: tækifæri fyrir aðráttarafl svæða  
<https://issuu.com/annakgudmunds/docs/annakristin-instavaent-online>

Aðráttarafl og ásýnd miðbæjar Dalvíkur  
[https://skemman.is/bitstream/1946/25070/1/BS\\_AnnaKristin\\_Dalvik\\_lokautgafa\\_minni.pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/25070/1/BS_AnnaKristin_Dalvik_lokautgafa_minni.pdf)

Andrými - Reykjanesbær  
[https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fundargerdir/umhverfis\\_skipulagsrad/2022/303/02.-andrymi-kynning.pdf](https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fundargerdir/umhverfis_skipulagsrad/2022/303/02.-andrymi-kynning.pdf)

Torg í biðstöðu - Reykjavík  
<https://reykjavik.is/torg-i-bidstodu>



“Við viljum flugeldasýningu en þurfum samt líka að vera á jörðinni og hugsa um fagurfræðina. Hvernig ætlar þú að skapa upplifun, hvernig ætlar þú að skapa að þegar þú gengur eftir götunni þá gerist eitthvað spennandi þegar þú litur til hægri eftir þessari götu. Bara leikur og upplifun. Það er bara orðið held ég miklu mikilvægara en bara aðgengi og setuadstada. Þetta snýst líka um að við viljum að fólkid dvelji í rýminu, að það strunsi ekki bara í gegn og hafi ekki áhuga - heldur að þú allt í einu stoppir. Eitthvað sem skapar eftirvæntingu.”

LANDS



# Framhald

Verkefnið er hugsað þannig að það geti vaxið næstu árin og verið árlegt sumarverkefni sem laðar að ungt fólk í skapandi sumarminu og styrkir aðdráttarafl sveitarfélagsins.

Hægt er að skoða fjárveitingu fyrir framhaldið t.d. með umsókn í Uppbyggingarsjóð Norðurlands eystra eða aðra sjóði í samstarfi með SSNE.

Markmið er að verkefnin sýni fram á möguleika miðsvæðanna og verði jafnvel að varanlegu hönnunarverkefni á einhverjum tímapunkti.

